



AF SKÖPUNARGLEÐI

Hvatar sköpunargleði liggja í umhverfi, menningu og þekkingu fyrirtækja. Ef engin sköpunargleði er til staðar gerum við allt eins og við erum von að gera, þægindindahringurinn breytist ekkert og engar framfarir eiga sér stað. Frábær hugmynd er afsprengi margra góðra og því besta leiðin til að fá frábæra hugmynd er að fá margar góðar. Stjórnendur ættu að sækjast eftir og fagna hugmyndaríku starfsfólki, fólki sem getur komið fram með nýjar lausnir á flóknum verkefnum.

Sköpunargleði þrífst í frjósömum jarðvegi þar sem hugmyndaauðgi og gleði er ekki hamlað með neikvæðum viðbrögðum stjórnenda eða niðurbrotandi athugasemdum samstarfsmanna. Sem betur fer eru mörg íslensk fyrirtæki að virkja sköpunargleðina með því að veita starfsfólki sjálfstæði í starfi og leyfi til að leita nýrra lausna. Þar eru mistök leyfð og þau viðurkennd sem hluti lærdómsferlisins. Að nýta mistök til framfara er þroskamerki góðra fyrirtækja. Um leið og við hættum að vera hrædd við mistök opnast flóðgáttir sköpunargleðinnar.

Gleðilega sköpun.

Það er ekki að ástæðulausu að einn af 19 faghópum innan Stjórnvísi einblínir á sköpunargleði. Hægt er að kynna sér þetta stærsta stjórnunarfélag á Íslandi á www.stjornvisi.is.

Haraldur U. Diego, formaður sköpunargleði-hóps Stjórnvísi.